



FUNDARGERÐ
11. fundur Húsakynna bs
haldinn á Laugalandi , 8. júní 2020
og hófst hann kl. 16:45.

Fundinn sátu:

Hjalti Tómasson, formaður, Steindór Tómasson, aðalmaður, Guðmundur Gíslason, varamaður, Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri, Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri og Tómas Haukur Tómasson, embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Einnig sat fundinn undir liðum 1-2 Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit 2020 - Húsakynni bs - 2003009

Lagt fram rekstraryfirlit janúar-apríl fyrir Húsakynni bs.

2. Ársreikningur 2019 - Húsakynni bs - 2006009

Til samþykktar.

Ársreikningur Húsakynna bs fyrir árið 2019 var lagður fram og samþykktur samhljóða.

3. Framkvæmdaáætlun 2020 - 1910045

Bílaplan ofl. THT fer yfir stöðu mála.

THT greindi frá því að engin tilboð bárust í verðkönnun um bílaplanið á Laugalandi þrátt fyrir að gefinn væri aukinn tilboðsfrestur og verktími rýmkaður. Rætt um að skipta verkinu upp og semja beint við verktaka um einstaka verkþætti. THT falið að vinna málið áfram með það að markmiði að ljúka verkinu innan ársins sé þess nokkur kostur. Haft verði samráð við skólastjórnendur varðandi útfærslu á framkvæmdatíma.

Samþykkt samhljóða.

Einnig komu fram upplýsingar um að líklega sé ekki um að ræða frekara sig á íþróttagólfi en stefnt er að því að undirbúa endurbætur á gólfinu á næsta ári.

4. Eignir í umsjá Húsakynna bs - 1601012

Endurskoðaður samningur um tjaldsvæði til staðfestingar.

Lagður fram og samþykktur samhljóða með smávægilegum orðalagsbreytingum endurskoðaður samningur um tjaldsvæði á Laugalandi.

Fundargerð yfirlesin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:20.

R. H. Tómasson

Guðlaugur Þorgeirsson

Skurðlaug Tómasson

Ólafur Ólafsson

Tómas Haukur Tómasson

Ágúst Þorvaldsson